



Einboðið að stöðva hvalveiðar sé ekki farið að lögum

26.07.2022 - 12:40

Innlent · Hvalur hf. · hvalveiðar · Langreyðar · matvælaráðherra · Sjávarútvegur · Svandís Svavarsdóttir · Sjávarútvegsmál

RÚV notar vafrakökur til að bæta upplifun notenda. [Sjá nánar](#)

MEST LESIÐ Á RÚV

- Í dag Vikan
- David Trimble látinn
- Fyrsta aftakan í Japan á þessu ári
- „Brenndi allan æfingabúnaðinn“
- Önnur eldflaugaárás á Odesa og sprengjuárás á Karkív

COVID - 19



Matvælaráðherra segir það einboðið að stöðva hvalveiðar komi í ljós að þar sé ekki farið eftir lögum um velferð dýra. Hún hyggst nú skoða ábendingar sjávarverndunarsamtaka um ómannúðlegar veiðiaðferðir.

Hvalur hf fékk ótímabundið leyfi til vinnslu hvalaafurða í fyrra og hóf hvalveiðar fyrir um mánuði síðan. Heimilt er að veiða yfir 200 langreyðar og yfir 200 hrefnur hér við land á ári.

Sjávarverndunarsamtökin Hard to Port birtu nýverið myndefni sem sýnir langreyði með tvo skutla í sér. En samkvæmt verklagsreglum um hvalveiðar ber að draga hval að borði ef skot geigar og aflífa hann sem fyrst með skoti í heila.

[Sjá einnig: Erfitt hefur verið að tryggja dýravelferð við hvaladráp](#)

„Ég hef náttúrulega fylgst með þessu í miðlum eins og aðrir og það er ekki síst vegna ábendinga af þessu tagi sem mér finnst ástæða til að kalla eftir því að Matvælastofnun fái gögn um það hvernig þessi aflífun fer fram,“ segir Svandís.

Hún hefur lagt til [breytingu á reglugerð um hvalveiðar](#) sem kveður á um að einn úr áhöfn hvalveiðiskips verði tilnefndur dýravelferðarfulltrúi og að sá sæki námskeið sem Matvælastofnun samþykkir um velferð hvala og hvaða atriði þurfi að hafa í huga þegar þeir eru aflífaðir. Sá myndi taka veiðina upp á myndband og skila til MAST.

Spurð hvort þetta sé besta leiðin til að auka eftirlit - að áhöfnin hafi eftirlit með sjálfri sér - segir Svandís að betra væri ef fulltrúi MAST eða yfirdýralæknis væri um borð. „En fyrsta skrefið væri þetta; að tryggja að til séu myndbandsupptökur af hverri einustu veiði.“

En þetta er eitthvað sem myndi gerast síðar - hvað með yfirstandandi veiðitímabil og verður það, sem þessi samtök eru að halda fram, skoðað? „Já, það er minn vilji að þetta verði skoðað.“

Hvenær verður það gert og hvernig? „Við erum með þetta á dagskrá núna.“

Ef þessi skoðun leiðir í ljós að dýrin eru ekki aflífð á mannúðlegan hátt - kemur þá til greina að stöðva veiðarnar? „Mér finnst það algerlega einboðið að ef ekki er farið að dýravelferðarlögum þá á þessi atvinnugrein ekki framtíð fyrir sér.“

ANNA LIJJA ÞÓRISDÓTTIR
[Senda skilaboð](#)

[Hlusta](#)

TENGDA FRÉTTIR



Telur að hvalveiðar leggjast af vegna nýrra reglna



Umdeildar eða úreltar hvalveiðar Íslendinga



Fjörtúru langreyðar veiddar




Krefjast þess að hvalveiðum verði hætt



Erfitt hefur verið að tryggja dýravelferð við hvaladráp

AÐRAR FRÉTTIR



Sá séki ófundinn og farþegar yfirheyrðir

Fjörtán til fimmtán þúsund manns til Eyja um helgina

Hádegisfréttir: Enginn handtekinn vegna sprengjuhótunar

Lægra hlutfall íslensks grænmetis í verslunum

MEST DEILT Á SAMFÉLAGSMÍÐLUM



Ástandið orðið mjög súrt og skrítið

"Þetta reddast" is not enough for new immigrants

Þjóðhagsráð sitji á aukafundum vegna kjaraviðræðna

Swam for 6 hours from Westman Islands to land

Sláðu inn leitarorð hér

Leita

Samskipti

Hafa samband
 Þjónustutilkynningar í umræðunni
 Bloggið
 RÚV á Facebook
 RÚV á Twitter
 RÚV á Instagram

RÚV okkar allra

Um RÚV
 Stjórnendur
 Starfsemi og stefna
 Útvarpsgjaldid og fjármál
 Auglýsingar
 Dánarfregnir
 Dreifikerfi
 Persónuverndarstefna

Mannauður

Ráðningarvefur RÚV
 Jafnlaunastefna
 Komdu í heimsókn

Framleiðsla

Hugmyndadagur
 Leiga og tæki
 Safn
 RÚV sala
 Rafrænar reikningar

Hjálp

Sjónvarp
 Útvarp
 Vefur
 Dreifikerfi
 Útsending
 RÚV spilari
 Aðgengismál

English

News in English
 About RÚV
 RÚV Sales

